

**Ed. 235. Frumvarp til laga [202. mál]**

um Háskólann á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

**I. KAFLI**

**Hlutverk.**

**1. gr.**

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslustofnun með sérstöku tilliti til atvinnuvega þjóðarinnar. Hann skal veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

**II. KAFLI**

**Stjórn.**

**2. gr.**

Stjórn háskólans er falin háskólanefnd og rektor. Háskólanefnd hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð. Rektor er yfirmaður stjórnslu háskólans. Hann hefur daglegt eftirlit með rekstri háskólans, kennslu og annarri starfsemi.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára. Skal staðan auglýst og leitað umsagnar háskólanefndar um umsækjendur. Heimilt er að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

4. gr.

Háskólanefnd skal þannig skipuð:

Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar til fjögurra ára í senn.

Einn fulltrúi tilnefndur af Fjórðungssambandi Norðlendinga til fjögurra ára í senn.

Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn.

Forstöðumenn deilda háskólans.

Einn fulltrúi nemenda sem kjörinn skal til eins árs á almennum fundi nemenda.

5. gr.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skytt er að boða til fundar ef tveir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumenn deilda háskólans, sbr. 8. gr., til þriggja ára í senn að fengnum tillögum rektors.

Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar.

Rektor ræður annað starfslíð við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

7. gr.

Nánara skal ákveðið í reglugerð um verksvið og starfsskyldur háskólanefndar, rektors, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans, sbr. og 9. gr.

### III. KAFLI

#### **Kennarar og deildir háskólans.**

8. gr.

Í upphafi eru í háskólanum heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Menntamálaráðherra getur samþykkt stofnun fleiri deilda að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitingar í fjárlögum. Hverri deild má skipta í námsbrautir.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um deildir háskólans.

9. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósents- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknarstörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra lektora og dósentar. Rektor ræður stundakennara.

Pá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósent. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentstarf við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits háskólanefndar Háskólans á Akureyri um umsækjendur hvort heldur eru lektorar, dósentar eða prófessorar.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í reglugerð.

#### IV. KAFLI

##### **Nemendur, kennsla og próf.**

10. gr.

Háskólaárið telst vera frá 1. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í tvö missiri, haustmissiri frá 1. september til 15. janúar og vormissiri frá 16. janúar til 31. maí. Háskólanefnd getur ákveðið aðra missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

11. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, hefur rétt til að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur um að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann.

Setja skal í reglugerð ákvæði er mælir fyrir um árlega skráningu nemenda. Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðherra.

12. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, fullnaðarpróf, einkunnir, prófdómara og annað er að prófum lýtur.

#### V. KAFLI

##### **Ýmis ákvæði.**

13. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

14. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra. Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrsta gerð þessa frumvarps er samin af sérstakri nefnd sem menntamálaráðherra skipaði 15. júní 1987 til að semja frumvarp til laga um háskóla á Akureyri. Frumvarpið var síðan yfirfarið í menntamálaráðuneytinu og haft samráð við þá nefnd ráðuneytisins sem unnið hefur að undirbúningi stofnunar Háskóla á Akureyri.

Í maí 1982 skipaði Ingvar Gíslason, þáverandi menntamálaráðherra, nefnd til þess að gera tillögur um hvernig vinna mætti að því „að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar“. Var nefndinni sérstaklega ætlað að kanna hverjir möguleikar væru á því að taka upp háskólakennslu á Akureyri. Í nefndinni áttu sæti Birgir Thorlacius, þáverandi ráðuneytisstjóri, formaður, dr. Guðmundur Magnússon, þáverandi háskólarektor, og Tryggvi Gíslason skólameistari. Nefndin skilaði álitserð í maí 1984. Tillögur hennar lutu m.a. að því að hafin yrði kennsla á háskólastigi á Akureyri í tilteknum greinum á vegum Háskóla Íslands. Nefnd, sem Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra skipaði í ársbyrjun 1985 til að fjalla um fjárlaga- og þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands, var falið að athuga um hugsanlega háskólakennslu á Akureyri með hliðsjón af framangreindu nefndaráli.

Skömmu eftir að Sverrir Hermannsson tók við starfi menntamálaráðherra, eða í desember 1985, skipaði hann nefnd til að fjalla um kennslu á háskólastigi á Akureyri. Formaður hennar var skipaður Halldór Blöndal alþingismaður, en aðrir nefndarmenn Bernharð Haraldsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, Bjarni Kristjánsson, rektor Tækniskóla Íslands, dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor og Tryggvi Gíslason, skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Þegar Tryggvi fékk leyfi frá skólameistararæmbættinu vegna starfa erlendis tók Jóhann Sigurjónsson, settur skólameistari, sæti hans í nefndinni. Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um kennslugreinar og námsbrautir, tilhögun kennslu og mannaflaþörf og skipulagsform starfseminnar, svo og að semja kostnaðaráætlun. Á grundvelli tillagna nefndarinnar voru síðar skipaðar sérstakar nefndir eða starfshópar til að fjalla um nám á tilteknum sviðum. Stefnit var að því að kennsla gæti hafist haustið 1987 og í fjárlögum fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir sérstöku framlagi, 5,1 milljón kr., til háskólakennslu á Akureyri.

Áhugi á framgangi þessa máls hefur verið mikill á Norðurlandi. Má m.a. geta ráðstefnu sem Fjórðungssamband Norðlendinga efndi til í júní 1985 og sérstök háskólanefnd á vegum Akureyrarbæjar skilaði ítarlegu áli í febrúar 1987.

Að fenginni fjárveitingu í fjárlögum, eins og að framan greinir, voru snemma á árinu 1987 auglýst til umsóknar störf forstöðumanns og tveggja námsbrautarstjóra, jafnframt því að öðrum undirbúningi var haldið áfram. Með auglýsingu 18. júní 1987 tilkynnti menntamálaráðuneytið að ákveðið hefði verið að háskóli á Akureyri hæfi störf haustið 1987 og væri miðað við að námsárið 1987–88 yrði kennsla á tveimur námsbrautum, þ.e. námsbraut í hjúkrunarfræði og námsbraut í iðnrekstrarfræði. Um kennslu, nám og próf á þessum námsbrautum skyldi fara eftir sömu reglum og giltu um hliðstæðar námsbrautir í Háskóla Íslands annars vegar og Tækniskóla Íslands hins vegar. Forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri hafði þá verið ráðinn Haraldur Bessason prófessor, námsbrautarstjóri á hjúkrunarfræðibraut Margrét Tómasdóttir M.S., námsbrautarstjóri á iðnrekstrarfræðibraut dr. Stefán G. Jónsson og skrifstofustjóri Bárður Halldórsson menntaskólakennari. Ráðningarnar voru að svo komnu til eins árs.

Jafnframt skipaði ráðuneytið hinn 15. júní 1987 nefnd til að semja frumvarp til laga um háskóla á Akureyri. Formaður var skipaður Haraldur Bessason forstöðumaður, en aðrir nefndarmenn Bárður Halldórsson skrifstofustjóri, Björn Jósef Arnviðarson lögfræðingur og Halldór Blöndal alþingismaður.

Starfsemi háskóla á Akureyri hófst formlega með setningarathöfn í Akureyrarkirkju 5. september 1987. Hinn 7. september var kennsla hafin á þeim tveimur námsbrautum sem að framan greinir, þ.e. hjúkrunarfræðibraut og iðnrekstrarfræðibraut. Skráðir nemendur í hjúkrunarfræði voru 13 en í iðnrekstrarfræði 35. Kennsla, önnur en sú sem námsbrautarstjórnir sinna, er í höndum stundakennara. Húsnæðisaðstaða er í hluta af húsi því sem Iðnskóli Akureyrar hafði áður til umráða og síðan Verkmenntaskólinn á Akureyri. Kennsla fer einnig fram í Íþróttahöllinni við Skólastíg. Auk reglulegrar kennslu á námsbrautunum er þegar á þessu fyrsta námsári hafið fyrirlestrahald á vegum skólans sem jafnframt er ætlað almenningi.

Nefndir starfa að athugun og undirbúningi kennslu í viðskipta- og markaðsfræðum og í matvælafræðum. Nýskipuð er og nefnd til að athuga forsendur kennslu í sjúkrannuðdi. Hugmyndir hafa verið reifaðar um kennslu á sviði haffræði og sjávarútvegs en nánari umfjöllun þeirra er ekki hafin.

Undanfarna áratugi hefur orðið mikil breyting á háskólamenntun á Vesturlöndum. Fjölbreytni háskólanáms hefur aukist, m.a. hefur ýmiss konar starfsmenntun, sem áður fór fram í sérskólum á framhaldsskólastigi, færst á háskólastig og ný viðhorf hafa valdið breytingum á hlutverki og starfsháttum margra háskóla. Gætt hefur vaxandi tilhneigningar til að efla gagnvirkt samband háskóla og atvinnulífs. Við hlið hinna hefðbundnu, almennu háskóla, þar sem megináhersla er lögð á grundvallarrannsóknir og kennslu í tengslum við þær, hafa risið menntastofnanir með tiltölulega stuttum námsbrautum á háskólastigi. Þessir skólar, sem nefnast ýmsum nöfnum eftir löndum (Community College, Polytechnic, Fachhochschule, Höskola), eiga það margir sammerkt að taka mið af atvinnulífi og starfsgreinum í kennslu sinni, svo og í rannsóknum þar sem þeim er til að dreifa.

Stofnun háskóla á Akureyri samrýmist þessari þróun. Hlutverk Háskólans á Akureyri verður annað fremur en að standa í beinni samkeppni við Háskóla Íslands um námsframboð og rannsóknir. Ekki er heldur gert ráð fyrir að hann verði útibú frá Háskóla Íslands. Verður því strax í upphafi að marka honum með lögum þann vettvang, að hann geti þjónað hlutverki sínu sem sjálfstæð stofnun sem bjóði upp á nýjar námsleiðir er séu í samræmi við þarfir íslensks þjóðfélags hverju sinni.

Eðlilegt er að tekið sé tillit til atvinnuhátta í næsta nágrenni skólans þegar fjallað er um hlutverk hans. Á Akureyri hefur atvinnulífið einkum einkennst af verslun, iðnaði og þjónustu. Þar er öflugt sjúkrahús sem ætlað er það hlutverk að vera varasjúkrahús fyrir allt landið. Þar er margháttaður iðnaður og umsvifamikil verslun og þjónusta við allt Norðurland. Í 1. gr. frumvarps þessa er sérstaklega vísað til atvinnuveganna með ofanritað í huga. Nánar verður síðan að ákvarða í reglugerð einstakar námsbrautir innan þeirra deilda sem gert er ráð fyrir að verði við skólann samkvæmt frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að fyrst í stað hljóti Háskólinn á Akureyri einkum að fást við kennslu á styttri námsbrautum sem ljúki með prófum er veiti tiltekin starfsréttindi en jafnframt rétt til áframhaldandi háskólanáms.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér ræðir um hlutverk skólans, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Tekið er fram að hann sé vísindaleg fræðslustofnun og er þá átt við að kennslan skuli reist á vísindalegum grunni. Rannsóknarstarfsemi innan vébanda háskólans kann að reynast nauðsynleg til að tryggja fræðilegan grundvöll kennslunnar, en sú þörf verður að koma í ljós í tímans rás. Stefna ber að því frá upphafi að kennarar eigi þess kost að sinna rannsóknarverkefnum þegar svo ber undir, t.d. með veitingu orlofs í því skyni.

Um 2. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður tilhögun stjórnar Háskólans á Akureyri með nokkuð öðrum hætti en það fyrirkomulag sem er í Háskóla Íslands. M.a. er hér gert ráð fyrir, að í háskólanefnd, sem ásamt rektor fer með stjórn skólans, verði ekki eingöngu fulltrúar úr hópi kennara háskólans og nemenda, heldur einnig fulltrúar tilnefndir af bæjarstjórn Akureyrar, Fjórðungssambandi Norðlendinga og menntamálaráðherra, sbr. 4. gr. Stjórnkerfið er og talsvert einfaldara í sniðum en í Háskóla Íslands svo sem eðlilegt má telja miðað við umfang starfseminnar.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að rektor verði skipaður af menntamálaráðherra, að undangenginni auglýsingu starfsins og umfjöllun háskólanefndar. Sá háttur, sem hafður er t.d. í Háskóla Íslands að rektor sé kjörinn af kennurum og nemendum, verður tæpast tímabær fyrr en skólanum hefur vaxið nokkuð fiskur um hrygg að því er varðar fjölda kennara og nemenda. Hins vegar er eðlilegt að skipun rektors sé miðuð við afmarkað tímabil í senn.

Um 4. gr.

Fjöldi fulltrúa í háskólanefnd ræðst samkvæmt þessari grein af fjölda deilda háskólans þar sem forstöðumenn deilda taka sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni. Miðað við fjölda deilda í upphafi, sbr. 8. gr., verða nefndarmenn átta, að rektor meðtöldum.

Eðlilegt þykir að Akureyrarbær og Fjórðungssamband Norðlendinga eigi hlut að skipun háskólanefndar. Ætti það að stuðla að því að treysta æskilegt samband skólans við umhverfi hans.

Ætla má að í hópi þeirra fulltrúa, sem samkvæmt þessari grein verða tilnefndir í háskólanefndina, verði m.a. menn sem hafa færi á að vinna að tengslum skólans við atvinnulífið.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Um aðild ráðherra að skipun forstöðumanna deilda háskólans gilda svipuð rök og nefnd voru í athugasemdum við 3. gr. um embætti rektors meðan skólinn er á byrjunarskeiði.

Um 7. gr.

Æskilegt er að setja nánari reglur um hlutverk og verkaskiptingu stjórnunaraðila og starfsmanna háskólans en í lögunum verða samkvæmt frumvarpinu. Við mótun slíkra reglna er eðlilegt að hafa stoð af þeirri reynslu sem fæst á fyrstu missirum skólustarfsins.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að háskólinn skiptist í deildir en í hverri deild geti verið mismunandi námsbrautir. Hliðstæðu slíks skipulags er m.a. að finna í Tækniskóla Íslands.

Frumvarpið kveður aðeins á um tvær tiltekna deildir, þ.e. heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Þetta eru þær deildir sem myndaður er vísir að í upphafi starfseminnar þar sem eru námsbraut í hjúkrunarfræði annars vegar og námsbraut í iðnrekstrarfræði hins vegar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér á undan eru nefndir að störfum til að huga að kennslu á fleiri sviðum, þar á meðal í viðskipta- og markaðsfræðum er falla mundi undir rekstrardeild, og í sjúkranuddi sem yrði á sviði heilbrigðisdeildar. Kennsla í

matvælafræðum, sem einnig er til athugunar í sérstakri nefnd, kynni að verða stofn að þriðju deildinni. Þá skal og minnt á hugmyndir um kennslu á sviði haffræði og sjávarútvegs sem einnig er getið hér að framan.

Þegar námsbrautum fjölgar og starfsemi deilda verður þar með umfangsmeiri og fjölþættari þarf að huga nánar að skipulagi og stjórnkerfi þessara starfseininga. Lokamálsgrein greinarinnar lýtur m.a. að því atriði.

#### Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að við Háskólann á Akureyri geti verið flestar sams konar stöður háskólakennara og eru í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Forsenda fyrir stofnun dósent- og prófessorsembætta verður að skilyrði séu til að tryggja rannsóknarþátt slíkra starfa annaðhvort innan skólans sjálfs eða með samstarfi við stofnanir eða fyrirtæki utan hans. Ákvæðin um dómnefndir miðast við að hæfniskröfur, sem umsækjendur um þess háttar stöður þurfi að fullnægja, séu sambærilegar við þær kröfur sem gerðar eru í framangreindum háskólum.

#### Um 10. gr.

Þau mörk háskólaárs og kennslumissira, sem hér er gert ráð fyrir sem meginreglu, eru sett með hliðsjón af þeirri þróun sem verið hefur í skólakerfinu almennt undanfarin ár.

#### Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að stúdentspróf sé að meginreglu skilyrði til inngöngu í Háskólann á Akureyri, en að önnur undirbúningsmenntun geti þó komið í þess stað ef hún telst fullnægjandi grundvöllur til að stunda nám við skólann. Slík rýmkun formlegra inngönguskilyrða til háskólanáms var fyrir allmörgum árum heimiluð í lögum um Háskóla Íslands og er eðlileg afleiðing af aukinni fjölbreytni námsleiða á framhaldsskólastigi.

#### Um 12. gr.

Reglugerðarákvæði samkvæmt þessari grein mundu taka til ýmissa veigamikilla atriða er varða starfsemi háskólans, m.a. hvaða námsgreinar koma til prófs á einstökum námsbrautum, hvernig námsbrautir skiptast í prófáfanga og hversu langan tíma skal ætla fyrir hvern áfanga og til lokaprófs.

#### Um 13. gr.

Parfnast ekki skýringar.

#### Um 14. gr.

Líta verður á næstu ár sem mótunartíma þeirrar nýju stofnunar sem frumvarp þetta fjallar um. Ákvæðið um endurskoðun laganna innan þriggja ára á að tryggja að sú reynsla, sem fæst á þessu byrjunarskeiði, verði notuð til að treysta grundvöll starfseminnar og marka nánar stefnu hennar og umgjörð til nokkurrar framtíðar. Mun þá m.a. koma til álita hvort fella beri í lög ákvæði um ýmis atriði sem gert er ráð fyrir að í fyrstu verði skipað með reglugerð.